



LANDSSAMBAND FISKELDISSTÖÐVA

SF SAMTÖK
FISKVINNSLUSTÖÐVA

Alþingi
Erindi nr. Þ 139/367
komudagur 24.11.2010

Nefndarsvið Alþingis

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. nóvember 2010.

Efni: Frumvarp til laga um skeldýrarækt. Þskj. 218 – 201. mál.

Vísað er til tölvupósts Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis sem óskar eftir umsögn Samtaka fiskvinnslustöðva og Landssamband fiskeldisstöðva um ofangreint mál. SF og LF sendu sjávarútvegs- og sameiginlega umsögn 12. maí s.l.

Með samþykkt á þessu frumvarpi verða til sérstök lög um skeldýrarækt sem einnig gilda um kræklingarækt. Samkvæmt frumvarpinu er Matvælastofnun (Mast) ætlað að gefa út annars vegar tímabundin tilraunaleyfi og hins vegar ræktunarleyfi sem gildir í sjö ár. Tilraunaleyfi er veitt til tveggja ára í senn en heimilt er að endurnýja leyfið eitt ár í senn þannig að það gildi að hámarki í fimm ár.

Áður en ræktunarleyfi er gefið út skal umsækjandi um slíkt leyfi láta framkvæma heilnæmiskönnun á því hafsvæði þar sem hann sækir um ræktunarleyfi. Slík könnun skal skipulögð og framkvæmd af Matvælastofnun en umsækjandi um ræktunarleyfið greiðir kostnaðinn. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðherra fái heimild til að greiða kostnað vegna heilnæmiskönnunar úr ríkissjóði að hluta eða öllu leyti ef heimildir fást til þess í fjárlögum.

Eftirlit með skeldýrarækt er aðallega eftirlit með heilnæmi og hollustuháttum. Matvælastofnun annast eftirlit með starfsemi með svipuðum hætti og gildir um eftirlit með annarri matvælaframleiðslu.

Gert er ráð fyrir því að greitt verði gjald fyrir veitt leyfi og eftirlit og skal gjaldið ekki vera hærra en raunkostnaður við störf Matvælastofnunar við leyfisveitingarnar og eftirlit með starfsemi.

Vakni grunsemdir um að afurðir leyfishafa uppfylli ekki almennar og eðlilegar kröfur um meðferð og heilbrigði skeldýra skal stofnunin framkvæma viðbótareftirlit eða rannsóknir og skal leyfishafi bera allan kostnað af slíku eftirliti.

Efnislegar athugasemdir LF og SF:

8. gr. Í frumvarpinu kemur fram að leyfishafi beri kostnaðinn af heilnæmiskönnun. Á heimasíðu Mast eru upplýsingar um skelrækt og heilnæmiskönnun. Markmið heilnæmiskönnunar Mast er að kanna mengunaruppsprettur og flokka svæði efir áhættu og skilgreina eftirlit.

Heilnæmiskönnun getur tekið allt að 12 mánuði liggja engin gögn fyrir. Slik könnun getur því verið kostnaðarsöm. Heilnæmiskönnun gæti flokkast sem grunnrannsókn á nýtingu svæðis og mikilvægt er að skelræktendur geti sótt um fjárhagsstuðning til að greiða kostnað vegna heilnæmiskönnunar úr rikissjóði að hluta eða öllu leyti.

15. gr. Ráðherra skal gefa út gjaldskrá fyrir eftirlit Mast að fengnum tillögum stofnunarinnar. Taka skal tillit til a. „*hvers konar fyrirtæki um er að ræða og viðkomandi áhættuþátta*“ Orðalag fyrrihluti setningarinnar er óskiljanleg en seinni hlutinn sá þáttur sem ákvarðar tíðni og eftirlit. b. „*hagsmuni fyrirtækja með litla framleiðslu*“ Því er mótmælt harðlega ef skilja á ákvæðið á þann veg að mismuna eigi fyrirækjum eftir stærð.

16. gr. Greinin er afar óheppileg. Hún takmarkar fjármagn til starfseminnar og kemur í veg fyrir að eðlilegur arður renni til frumherjanna við framsal til nýrra leyfishafa.

Virðingarfyllst,

Fh. Samtaka fiskvinnslustöðva og
Landssamband fiskeldisstöðva



Guðbergur Rúnarsson